

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *Aukafundur.*

að Hlíðavegi 6, þriðjudaginn 5. apríl 2011, kl. 14:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Framlagning kjörskrár v/þjóðaratkvæðagreiðslu 9. apríl. n.k.
3. Athugasemdir Kristínar Sverrisdóttur dags. 8. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.
4. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Ne. dags. 8. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.
5. Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 11. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.
6. Athugasemdir Hólfríðar Ásdísar Illugadóttur og Sigurðar Guðbrandssonar dags. 9. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.
7. Athugasemdir Sigfúsar Illugasonar dags. 9. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.
8. Athugasemdir Landeigenda Reykjahlíðar dags. 9. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.
9. Athugasemdir Landeigenda Voga dags. 8. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.
10. Umsögn Náttúrustofu Norðausturlands dags. 8. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.
11. Umsögn RAMÝ dags. 8. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.
12. Athugasemdir Leifs Hallgrímssonar dags. 9. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.
13. Bréf Skipulagsstofnunar dags. 1. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.
14. Deiliskipulag Bjarnarflagsvirkjunar

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Birgir Steingrímsson, Elín Steingrímisdóttir, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik Jakobsson. Gaukur Hjartarson skipulags- og byggingarfulltrúi mætti á fundinn og annaðist fundarritun.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

2. Framlagning kjörskrár v/þjóðaratkvæðagreiðslu 9. apríl. n.k.

Kjörskrá liggur nú frammi almenningi til sýnis. Á kjörskrá eru 300, 148 konur og 152 karlar. Berist ekki athugasemdir við kjörskrána eins og hún liggur fyrir felur sveitarstjórn sveitarstjóra að undirrita hana og afhenda kjörstjórn.

3. Athugasemdir Kristínar Sverrisdóttur dags. 8. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.

a) Kristín gerir athugasemdir við að unnið sé deiliskipulag af landi án samráðs við eigendur og mótmælir staðsetningu bygginga og athafnasvæða.
Umfjöllun: Skipulagstillagan er lögð fram af sveitarstjórn Skútustaðahrepps. Framkvæmdaaðili lét vinna tillöguna í samráði við sveitarstjórn um helstu þætti hennar og sérstaklega þá þætti, sem eru óviðkomandi virkjuninni sjálfri. Innan skipulagssvæðisins er starfsemi, lóðir og mannvirki, sem hvorki tilheyrta væntanlegri virkjun né eru á vegum framkvæmdaraðila. Í deiliskipulaginu er virkjuninni markað framkvæmdasvigrúm. Sú landnotkun og nýting landsins að öðru leyti fer eftir stefnu sveitarstjórnar. Sá hluti skipulagssvæðisins, sem er utan umræddrar markalínu er urðunarsvæði fyrir óvirkan úrgang á vegum sveitarfélagsins og er virkjuninni óviðkomandi. Á vesturhluta skipulagssvæðisins og innan markalínunnar er hins vegar gert ráð fyrir iðnaðarlóðum sem landeigendur ráðstafa norðan þjóðveggar, og lóð Léttsteypunnar sunnan þjóðveggar, hvort tveggja óviðkomandi Bjarnarflagsvirkjun en í samræmi við stefnu sveitarstjórnar.
Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

b) Kristín telur að skilgreina þurfi á deiliskipulagi svæði undir grænmetisrækt og bakstur.

Umfjöllun: Fram kemur í texta greinargerðar kafla 1.1.1 og kafla 3.4.2 að gert sé ráð fyrir að hefðbundin ræktun og rúgbrauðsbakstur í volgum jarðvegi í Bjarnarflagi verði möguleg áfram. Einnig eru sýnd á uppdrætti möguleg svæði fyrir ræktun en ekki litið á þá afmörkun sem bindandi. Engin ástæða er til að merkja rúgbrauðsbakstur inn á skipulagsuppdrátt þegar almenn heimild er skilgreind í skipulagsákvæðum.

Viðbrögð: Bætt verði við umfjöllun um ræktun í kafla 1.1.1 tilvísun í kafla 3.4.2. Einnig verði afmörkun mögulegra ræktunarsvæða gerð skýrari á deiliskipulagsuppdrætti.

c) Lýst er áhyggjum af áhrifum borana á jarðhita svæðisins auk hávaðamengunar, loftmengunar og hugsanlegra áhrifa á grunnvatn.

Umfjöllun: Deiliskipulagið heimilar byggingu allt að 90 MW virkjunar á svæðinu. Landsvirkjun þarf virkjunarleyfi frá Orkustofnun, framkvæmda- og byggingarleyfi frá Skútustaðahreppi og starfsleyfi sem veitt er af

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra. Skilyrði um mengunarvarnir og vöktun áhrifa verða samkvæmt þeim skilyrðum sem leyfisveitendur setja. Vöktun áhrifa vegna framkvæmda og/eða reksturs er á ábyrgð framkvæmdaaðila. Í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Bjarnarflagsvirkjun og Bjarnarflagslínu 1 eru sett skilyrði um að landsvirkjun standi fyrir því eftirliti og vöktun sem fjallað er um í matinu auk þess sem fylgst verður með áhrifum jarðhitavinnslu á efnainnihald og streymi volgs grunnvatns til Mývatns.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

4. Umsögn Heilbrigðiseftirlits NE dags. 8. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.

a) Spurt er hvort vöktunaráætlun um áhrif núverandi orkuvinnslu í Bjarnarflagi á grunnvatn hafi komið til framkvæmda og hvort ekki sé þá eðlilegt að vitna til þeirra niðurstaðna þegar áhrif á efnasamsetningu séu metin.

Umfiðllun: Með eftirlitsáætlun Umhverfisstofnunar og Landsvirkjunar er átt við endurskipulagða eftirlitsáætlun frá árinu 2002 með áhrifum losunar skiljuvatns frá Kröflustöð á Dallæk og grunnvatn á Mývatnssvæðinu austanverðu. Áætlunin var unnin í samráði við Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og fær Umhverfisstofnun árlega skýrslu um niðurstöður eftirlitsins. Um er að ræða skýrslur sem Halldór Ármannsson o.fl. eru skrifaðir fyrir. Samkvæmt nýjustu skýrslum eru megin niðurstöður þær að áhrifa affallsvatnsins hefur ekki orðið vart í grunnvatni í námunda við Mývatn.

Viðbrögð: Bætt við neðanmálstilvísun: Halldór Ármannsson, Magnús Ólafsson og Mozghan Bagheri, 2008. Eftirlit með áhrifum af losun affallsvatns frá Kröflustöð og Bjarnarflagsstöð. Vöktun og niðurstöður 2007. LV-2008/064.

b) HNE veltir því upp hvort ekki skuli gera kröfu í deiliskipulagi um að gufulagnir verði lagðar í jörðu sbr. álit Skipulagsstofnunar varðandi virkjun á Þeistareykjum.

Umfiðllun: Gert er ráð fyrir að lagnir gufuveitu virkjunarinnar verði ofanjarðar á steiptum undirstöðum. Þær verða sýnilegar og áberandi þáttur í yfirbragði skipulagssvæðisins. Við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar voru bornar saman og metnar mismunandi útfærslur gufuveitu, m.a. niðurgrafnar lagnir. Mikið jarðrask fylgir niðurgröfnum lögnum auk erfiðleika í rekstri og viðhaldi m.a. vegna jarðhita, gasstreymis og vatns (sjá kafla 2.6.3 í greinargerð og matsskýrslu). Ekki var sett fram krafa um niðurgrafnar lagnir í úrskurði Skipulagsstofnunar 24. febrúar 2004 og er deiliskipulagstillagan í samræmi við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar og úrskurð Skipulagsstofnunar að þessu leyti. Vegna vísunar til álits Skipulagsstofnunar um Þeistareyki má benda á að þar er um að ræða tilmæli að skilyrðum sem eiga einungis við um tvö afmörkuð svæði á stóru virkjunarsvæði. Ekki er útséð um hvort sett verði um þetta skilyrði í leyfisveitingum en þar fyrir utan verður yfirgnæfandi meirihluti lagna á Þeistareykjasvæðinu á yfirborði.

Viðbrögð: Sveitarstjórn fellst ekki á tillögu HNE um að í deiliskipulaginu verði kveðið á um að gufulagnir verði lagðar í jörð. Hinsvegar samþykkir

sveitarstjórn að setja skýrari og strangari reglur um efnis- og litaval lagna með eftirfarandi orðalagsbreytingu í kafla 3.4.5:

„Við val á lit og áferð ofanjarðarlagna skal taka mið af markmiðum um að mannvirki falli sem best að umhverfinu. Litir á lagnir skulu valdir með hliðsjón af nánasta umhverfi, þ.e. jarðlitir sem falla vel að litbrigðum landsins. Ennfremur skal yfirborð lagna vera matt þannig að endurkast og speglun verði í lágmarki. Gera skal grein fyrir áferð og litavali í framkvæmda- og/eða byggingarleyfisumsókn.“

c) HNE telur að ganga þurfi lengra í tiltekt á lóð Léttsteypunnar en tilgreint er í greinargerð deiliskipulagstillögunnar.

Umfiðllun: Í kafla 3.5.1 eru eðlileg ákvæði um frágang lóðar og mannvirkja á lóð Léttsteypunnar og að mati sveitarstjórnar ekki við hæfi að fjalla þar ítarlegar um tiltekt á lóðinni.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

d) HNE fer fram á að bætt verði við texta greinargerðar um fráveitur frá byggingum tilvísun í samþykkt nr. 671/2003 um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ.

Viðbrögð: Tilvísun bætt við kafla 3.7.2.

e) Leiðrétt þarf númer reglugerðar um hávaða. Rétt númer er 724/2008.

Viðbrögð: Leiðrétt í greinargerð.

5. Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 11. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.

a) UST telur mikilvægt að gengið verði frá gömlum námum í Jarðbaðshólum án frekari efnistöku.

Umfiðllun: Jarðbaðshólar eru utan skipulagssvæðisins og því ekki til umfiðllunar.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

b) UST telur mikilvægt að Léttsteypan minnki útgeymslusvæði sitt og samráð verði haft um girðingu um svæðið og tekið verði til á svæðinu eins og áformað er.

Umfiðllun: Í kafla 3.5.1 eru eðlileg ákvæði um frágang lóðar og mannvirkja á lóð Léttsteypunnar og að mati sveitarstjórnar ekki við hæfi að fjalla þar ítarlegar um tiltekt á lóðinni.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

c) UST telur mikilvægt að leitað verði allra leiða til að draga úr hugsanlegri röskun gígs sem er á móts við fyrirhugað stöðvarhús enda nýtur gígurinn sérstakrar verndar.

Umfiðllun: Settar eru skorður við landröskun í kafla 3.8 í greinargerð deiliskipulags.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

d) UST telur nauðsynlegt að tryggt verði að öllu affallsvatni verði dælt niður í jarðhitageyminn til að koma í veg fyrir hugsanleg áhrif þess á umhverfið. Gera þarf grein fyrir borsvæði sem ætlað yrði fyrir neyðarlosun.

Umfiðllun: Gert er ráð fyrir niðurdælingarsvæði á reit B5. Svigrúm fyrir borun hola fyrir neyðarlosun verður skv. skipulagsskilmálum innan borsvæða og mannvirkjabelta, t.d. á svæði B6. Í kafla 4.3.7 í greinargerð deiliskipulagsins segir: „Vöktun áhrifa vegna framkvæmda og/eða reksturs er á ábyrgð framkvæmdaraðila. Í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Bjarnarflagsvirkjunar og Bjarnarflagslínu dagsettu 26. febrúar 2004 eru sett skilyrði um að Landsvirkjun standi fyrir því eftirliti og vöktun sem fjallað er um í matinu auk þess sem fylgst verði með áhrifum jarðhitavinnslu á efnainnihald og streymi volgs grunnvatns til Mývatns. Landsvirkjun þarf virkjunarleyfi frá Orkustofnun, framkvæmda- og byggingarleyfi frá Skútustaðahreppi og starfsleyfi sem veitt er af Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra. Skilyrði um mengunarvarnir og vöktun áhrifa verða samkvæmt þeim skilyrðum sem leyfisveitendur setja.”

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

e) UST fær ekki séð að hægt sé að byggja Bjarnarflagsvirkjun nema gera ráð fyrir því í upphafi að að brennisteinsvetni verði hreinsað úr útblæstri.

Umfiðllun: Á byggingarreit R1 er gert ráð fyrir helstu mannvirkjum virkjunarinnar. Þar á meðal er möguleiki á byggingu skiljustöðva fyrir jarðhitagös, eldsneytisframleiðslu úr koltvísýringi og hreinsistöð fyrir brennisteinsvetnisgas. Forsendur eru þar með fyrir hendi í deiliskipulaginu fyrir mannvirki sem þörf kann að vera fyrir vegna hugsanlegra skilyrða sem starfseminni kunna að verða sett í framkvæmda- og starfsleyfum.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

6. Athugasemdir Hólmfríðar Ásdísar Illugadóttur og Sigurðar Guðbrandssonar dags. 9. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.

a) Hólmfríður og Sigurður telja að umhverfismat frá 2003 þarfnist endurmats í ljósi nýrra upplýsinga.

Umfiðllun: Athugasemdin snýr ekki að viðfangsefni deiliskipulagsins.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

b) Í ljósi þess að aðeins eru 3 km fjarlægð frá fyrirhugaðri virkjun að þéttbýli í Reykjahlíð telja Hólmfríður Ásdís og Sigurður að loft- og hljóðmengun frá virkjun hljóti að hafa umtalsverð áhrif á lífsgæði íbúanna. Einnig velja þau upp vangaveltum um sjálfbæra þróun, affallsvatn frá virkjun og framtíð ferðaþjónustu.

Umfiðllun: Í kafla 4.3.7 í greinargerð deiliskipulagsins segir: „Vöktun áhrifa vegna framkvæmda og/eða reksturs er á ábyrgð framkvæmdaraðila. Í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Bjarnarflagsvirkjunar og Bjarnarflagslínu dagsettu 26. febrúar 2004 eru sett skilyrði um að Landsvirkjun standi fyrir því eftirliti og vöktun sem fjallað er um í matinu auk þess sem fylgst verði með áhrifum jarðhitavinnslu á efnainnihald og streymi volgs grunnvatns til Mývatns. Landsvirkjun þarf virkjunarleyfi frá Orkustofnun, framkvæmda- og byggingarleyfi frá Skútustaðahreppi og

starfsleyfi sem veitt er af Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra. Skilyrði um mengunarvarnir og vöktun áhrifa verða samkvæmt þeim skilyrðum sem leyfisveitendur setja.”

Viðbrögð: Skilyrði um vöktun og eftirlit eru ekki hluti deiliskipulagsákvæða og því ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni vegna athugasemdarinnar.

7. Athugasemdir Sigfúsar Illugasonar dags. 9. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.

a) Farið er fram á að allar lagnir vegna fyrirhugaðrar virkjunar verði grafnar niður.

Umfjöllun: Gert er ráð fyrir að lagnir gufuveitu virkjunarinnar verði ofanjarðar á steiptum undirstöðum. Þær verða sýnilegar og áberandi þáttur í yfirbragði skipulagssvæðisins. Við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar voru bornar saman og metnar mismunandi útfærslur gufuveitu, m.a. niðurgrafnar lagnir. Mikið jarðrask fylgir niðurgröfnum lögnum auk erfiðleika í rekstri og viðhaldi m.a. vegna jarðhita, gasstreymis og vatns (sjá kafla 2.6.3 í greinargerð og matskýrslu). Ekki var sett fram krafa um niðurgrafnar lagnir í úrskurði Skipulagsstofnunar 24. febrúar 2004 og er deiliskipulagstillagan í samræmi við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar og úrskurð Skipulagsstofnunar að þessu leyti.

Viðbrögð: Sveitarstjórn fellst ekki á tillögu Sigfúsar um að í deiliskipulaginu verði kveðið á um að gufulagnir verði lagðar í jörð. Hinsvegar samþykkir sveitarstjórn að setja skýrari og strangari reglur um efnis- og litaval lagna með eftirfarandi orðalagsbreytingu í kafla 3.4.5:

„Við val á lit og áferð ofanjarðarlagna skal taka mið af markmiðum um að mannvirki falli sem best að umhverfinu. Litir á lagnir skulu valdir með hliðsjón af nánasta umhverfi, þ.e. jarðlitir sem falla vel að litbrigðum landsins. Ennfremur skal yfirborð lagna vera matt þannig að endurkast og speglun verði í lágmarki. Gera skal grein fyrir áferð og litavali í framkvæmda- og/eða byggingarleyfisumsókn.“

b) Farið er fram á að sýnd verði í deiliskipulagi þau svæði sem ætluð eru til kartöfluræktunar og bökunar Bjarnaflagsrúgbrauðs.

Umfjöllun: Fram kemur í texta greinargerðar kafla 1.1.1 og kafla 3.4.2 að gert sé ráð fyrir að hefðbundin ræktun og bökun rúgbrauðs í volgum jarðvegi í Bjarnarflagi verði möguleg áfram. Einnig eru sýnd á uppdrætti möguleg svæði fyrir ræktun en ekki litið á þá afmörkun sem bindandi. Engin ástæða er til að merkja rúgbrauðsbakstur inn á skipulagsuppdrátt þegar almenn heimild er skilgreind í skipulagsákvæðum.

Viðbrögð: Bætt verði við umfjöllun um ræktun í kafla 1.1.1 tilvísun í kafla 3.4.2. Einnig verði afmörkun mögulegra ræktunarsvæða gerð skýrari á deiliskipulagsuppdrætti.

c) Bent er á að nær örugglega séu fornminjar á svæðinu sem ekki séu skráðar.

Umfjöllun: Stuðst er við Fornleifaskráningu í Skútustaðahreppi IV, Fornleifastofnun Íslands FS118-96014. Í kafla 2.3 í greinargerð er vísað er í ákvæði þjóðminjalaga um viðbrögð ef fornleifar finnast.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

d) Gerð er athugasemd við hávaðamengun frá borholublæstri og kæliturnum sem muni eyðileggja fjallakyrðina. Ekki verður hægt að heyra niðinn í Laxá þegar tekur í ána eða þytinn í norðurljósum.

Umfiöllun: Hávaðamengunin er ekki deiliskipulagsatriði heldur kemur inn í formi skilyrða við framkvæmda- og rekstrarleyfi.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

e) Sigfús telur að áfangastaður sem skilgreindur er í Námaskarði í texta greinargerðar sé í raun á Námabrekku.

Viðbrögð: Verður lagfært í lokafrágangi greinargerðar.

f) Sigfús telur að taka eigi betur á förgun affalsvatns í deiliskipulaginu.

Umfiöllun: Umtalsverð umfiöllun er um losun affalsvatns í kafla 3.4.11 og telur sveitarstjórn þá umfiöllun fullnægjandi. Í kafla 4.3.7 í greinargerð deiliskipulagsins segir: „Vöktun áhrifa vegna framkvæmda og/eða reksturs er á ábyrgð framkvæmdaraðila. Í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Bjarnarflagsvirkjunar og Bjarnarflagslínu dagsettum 26. febrúar 2004 eru sett skilyrði um að Landsvirkjun standi fyrir því eftirliti og vöktun sem fjallað er um í matinu auk þess sem fylgst verði með áhrifum jarðhitavinnslu á efnainnihald og streymi volgs grunnvatns til Mývatns. Landsvirkjun þarf virkjunarleyfi frá Orkustofnun, framkvæmda- og byggingarleyfi frá Skútustaðahreppi og starfsleyfi sem veitt er af Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra. Skilyrði um mengunarvarnir og vöktun áhrifa verða samkvæmt þeim skilyrðum sem leyfisveitendur setja.”

Viðbrögð: Skilyrði um vöktun og eftirlit eru ekki hluti deiliskipulagsákvæða og því ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni vegna athugasemdarinnar.

g) Sigfús telur að 90 MW virkjun í Bjarnarflagi sé of stór og með því tekin áhætta á mörgum sviðum.

Umfiöllun: Deiliskipulagið heimilar byggingu allt að 90 MW virkjunar á svæðinu. Landsvirkjun þarf virkjunarleyfi frá Orkustofnun, framkvæmda- og byggingarleyfi frá Skútustaðahreppi og starfsleyfi sem veitt er af Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra. Skilyrði um mengunarvarnir og vöktun áhrifa verða samkvæmt þeim skilyrðum sem leyfisveitendur setja. Vöktun áhrifa vegna framkvæmda og/eða reksturs er á ábyrgð framkvæmdaaðila. Í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Bjarnarflagsvirkjunar og Bjarnarflagslínu 1 eru sett skilyrði um að Landsvirkjun standi fyrir því eftirliti og vöktun sem fjallað er um í matinu auk þess sem fylgst verður með áhrifum jarðhitavinnslu á efnainnihald og streymi volgs grunnvatns til Mývatns.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

8. Athugasemdir Landeigenda Reykjahlíðar dags. 9. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.

a) Greint er frá því að landeigendur Reykjahlíðar og Voga hafi farið fram á að orkuvinnslusvæði vegna fyrirhugðar virkjunar á þeirra vegum verði sett inn

á skipulag vestan samningslínu, sem afmarkar jarðhitanýtingarsvæði ríkisins/Landsvirkjunar sbr. samning frá 1971.

Umfiðllun: Skipulagssvæðið er afmarkað í samræmi við afmörkun orkuvinnslusvæðis í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025. Ekki kom til álita að skipulagssvæði á vegum framkvæmdaaðila yrði stærra auk þess sem ekki liggja fyrir nein gögn, áætlanir eða mat á umhverfisáhrifum frekari virkjanamannvirkja á svæðinu, sem gætu nýst sem forsendur viðtækara deiliskipulags.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

b) Gerð er athugasemd við að framkvæmdaaðili leggi fram deiliskipulagsstillögu sem nær út fyrir samningslínuna frá 1971.

Umfiðllun: Sjá einnig lið a). Skipulagstillagan er lögð fram af sveitarstjórn Skútustaðahrepps. Framkvæmdaaðili lét vinna tillöguna í samráði við sveitarstjórn um helstu þætti hennar og sérstaklega þá þætti, sem eru óviðkomandi virkjuninni sjálfri. Innan skipulagssvæðisins er starfsemi, lóðir og mannvirki, sem hvorki tilheyra væntanlegri virkjun né eru á vegum framkvæmdaraðila. Í deiliskipulaginu er virkjuninni markað framkvæmdasvigrúm. Sú landnotkun og nýting landsins að öðru leyti fer eftir stefnu sveitarstjórnar. Sá hluti skipulagssvæðisins, sem er utan umræddrar markalínu er urðunarsvæði fyrir óvirkan úrgang á vegum sveitarfélagsins og er virkjuninni óviðkomandi. Á vesturhluta skipulagssvæðisins og innan markalínunnar er hins vegar gert ráð fyrir iðnaðarlóðum sem landeigendur ráðstafa norðan þjóðvegjar, og lóð Léttsteypunnar sunnan þjóðvegjar, hvort tveggja óviðkomandi Bjarnarflagsvirkjun en í samræmi við stefnu sveitarstjórnar.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

c) Landeigendur leggja áherslu á að áfram verði gert ráð fyrir Bjarnarflaglóni.

Umfiðllun: Sveitarstjórn stefnir að því að Bjarnarflaglón hverfi með nýrri virkjun. Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir neyðarlosun affallsvatns út í lónið þar til tekist hefur að tryggja örugga losun þess eftir öðrum leiðum. Lónið hefur skapað hættu, bæði vegna fólks sem stigið hefur ofan í heita pytti í og við lónið en einnig vegna gufu og ísingar á þjóðvegi. Örlög lónsins verða í höndum sveitarstjórnar.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

d) Bent er á nýtingu túns á svæðinu og að hvorki sé gerð grein fyrir kartöflugörðum né rúgbrauðsbökunarholum í tillögunni.

Umfiðllun: Fram kemur í texta greinargerðar kafla 1.1.1 og kafla 3.4.2 að gert sé ráð fyrir að hefðbundin ræktun og bökun rúgbrauðs í volgum jarðvegi í Bjarnarflagi verði möguleg áfram. Einnig eru sýnd á uppdrætti möguleg svæði fyrir ræktun en ekki litið á þá afmörkun sem bindandi. Engin ástæða er til að merkja rúgbrauðsbakstur inn á skipulagsuppdrátt þegar almenn heimild er skilgreind í skipulagsákvæðum.

Viðbrögð: Bætt verði við umfiðllun um ræktun í kafla 1.1.1 tilvísun í kafla 3.4.2. Einnig verði afmörkun mögulegra ræktunarsvæða gerð skýrari á deiliskipulagsuppdrætti.

e) Landeigendur vilja að gert verði ráð fyrir fleiri iðnaðarlóðum, t.d. fyrir gróðurhús, norðan Þjóðveggar 1, bæði innan og utan skipulagssvæðisins.

Umfiöllun: Sjá einnig lið b). Við afmörkun iðnaðarlóða norðan Þjóðveggar var eftir því sem hægt var tekið mið af greiningu jarðfræðinga á byggingarhæfni landsins, sem gerð var vegna undirbúnings Bjarnarflagsvirkjunar. Þær tvær lóðir, sem afmarkaðar eru í deiliskipulagi, eru á jarðhita- og sprungusvæði og er byggingarhæfni þeirra ekki fullkönnuð. Hluti þeirra gæti verið óbyggilegur vegna jarðhita eða annarra jarðfræðilegra þátta.

Full ástæða gæti verið til þess að vinna deiliskipulag á iðnaðarsvæðinu, sem afmarkað er í aðalskipulagi vestan skipulagssvæðisins. Í tengslum við það og á grundvelli nákvæmrar úttektar á byggingarhæfni landsins gætu skapast forsendur fyrir breytingar á deiliskipulagi þessu. Slík skipulagsbreyting ætti ekki að hafa áhrif skipulag virkjunarinnar sjálfar og gæti unnist í samræmi við stefnu sveitarstjórnar og hagsmuni landeigenda.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

f) Bent er á að ekki séu til samningar um lóð Léttsteypunnar og staðsetning hennar sé ótæk.

Umfiöllun: Tillaga sveitarstjórnar í deiliskipulagi liggur í að skilgreind er lóð utan um núverandi mannvirki. Það verður svo að vera landeigenda og húseigenda að ganga frá samningi sín á milli um afnot landsins.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

g) Tillagan er talin ófullnægjandi að því leyti að ekki eru nægilega útfærðar leiðir fyrir gangandi, ríðandi og hjólandi menn að og frá virkjunarsvæðinu, né eftir að inn á svæðið er komið.

Umfiöllun: Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir gönguleið meðfram Þjóðvegi 1 og virkjanavegi að móttökuhúsi. Ennfremur er gert ráð fyrir hringleiðum um svæðið sem tengjast m.a. Jarðböðunum. Reiðleið er merkt meðfram Þjóðvegi upp í Námaskarð. Ekki er sérstakt stígakerfi fyrir hjólreiðamenn þar sem göngustígar munu nýtast þeim. Í deiliskipulaginu er einungis gerð grein fyrir legu stíga en ekki útfærslu. Hún verður hluti verkhönnunar. Miðað er við að framkvæmdaraðili muni leggja göngustíga innan iðnaðarsvæðisins sunnan Þjóðveggar að móttökuhúsi og stöðvarhúsi svo og útivistarstíga að mörkum iðnaðarsvæðisins í tengslum við stígagerð utan þeirra.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

h) Gerð er athugasemd við tengingu við Þjóðveg, staðsetningu og að ekki eru af- eða aðreinar við veginn.

Umfiöllun: Gatnamót virkjanavega við Þjóðveg 1 eru um 350 m austan gatnamóta að Jarðböðunum. Ekki er æskilegt að styttra verði milli gatnamótanna. Þau eru auk þess á tiltölulega beinum kafla þar sem útsýni er gott til beggja handa. Ekki er frekar tilefni til af- og aðreina við þau en annars staðar á Þjóðvegi 1. Lega og útfærsla var unnin í samráði við Vegagerðina.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

i) Landeigendur telja brýnt að endurskoða staðsetningu útsýnisplans í Námaskarði þar sem virkjunin verður áberandi og í beinni sjónlínu.

Umfiöllun: Umrætt útsýnisplan á Námabrekku er utan deiliskipulagssvæðis. Sveitarstjórn telur planið vel staðsett m.t.t. útsýnis yfir Mývatnssveit og ekki síst fyrirhugað virkjunarsvæði í Bjarnarflagi.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

j) Gera eigi ráð fyrir upplýsingaskiltum vegna virkjunarinnar í tillögunni.

Umfiöllun: Hönnun og staðsetning upplýsingaskilta eru ekki viðfangsefni deiliskipulagsins. Leiðbeiningarskilti verður við gatnamót virkjanavegar og þjóðveggar. Virkjunin verður e.k. ferðamannavirkjun með sérstöku móttökuhúsi, þar sem gerð verður grein fyrir virkjunum og jarðhitanytingu á Norðausturlandi.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

k) Gera eigi ráð fyrir lögnum neðanjarðar í ríkara mæli en gert er ráð fyrir í tillögunni.

Umfiöllun: Gert er ráð fyrir að lagnir gufuveitu virkjunarinnar verði ofanjarðar á steiptum undirstöðum. Þær verða sýnilegar og áberandi þáttur í yfirbragði skipulagssvæðisins. Við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar voru bornar saman og metnar mismunandi útfærslur gufuveitu, m.a. niðurgrafnar lagnir. Mikið jarðrask fylgir niðurgröfnum lögnum auk erfiðleika í rekstri og viðhaldi m.a. vegna jarðhita, gasstreymis og vatns (sjá kafla 2.6.3 í greinargerð og matskýrslu). Ekki var sett fram krafa um niðurgrafnar lagnir í úrskurði Skipulagsstofnunar 24. febrúar 2004 og er deiliskipulagstillagan í samræmi við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar og úrskurð Skipulagsstofnunar að þessu leyti. Vegna vísunar til álits Skipulagsstofnunar um Þeistareyki má benda á að þar er um að ræða tilmæli að skilyrðum sem eiga einungis við um tvö afmörkuð svæði á stóru virkjunarsvæði. Ekki er útséð um hvort sett verði um þetta skilyrði í leyfisveitingum en þar fyrir utan verður yfirgnæfandi meirihluti lagna á Þeistareykjasvæðinu á yfirborði.

Viðbrögð: Sveitarstjórn fellst ekki á tillögu um að í deiliskipulaginu verði kveðið á um að gufulagnir verði lagðar í jörð. Hinsvegar samþykkir sveitarstjórn að setja skýrari og strangari reglur um efnis- og litaval lagna með eftirfarandi orðalagsbreytingu í kafla 3.4.5:

„Við val á lit og áferð ofanjarðarlagna skal taka mið af markmiðum um að mannvirki falli sem best að umhverfinu. Litir á lagnir skulu valdir með hliðsjón af nánasta umhverfi, þ.e. jarðlitir sem falla vel að litbrigðum landsins. Ennfremur skal yfirborð lagna vera matt þannig að endurkast og speglun verði í lágmarki. Gera skal grein fyrir áferð og litavali í framkvæmda- og/eða byggingarleyfisumsókn.“

9. Athugasemdir Landeigenda Voga dags. 8. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.

a) Að mati Landeigenda Voga gilda skipulagslög nr. 123/2010 um framkomna deiliskipulags-tillögu en ekki skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 eins og gert er ráð fyrir í tillögunni.

Umfiöllun: Í ljósi þess að tillaga að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps árið 2010 bar að auglýsa hana skv. Skipulags- og byggingarlögum frá 1997 skv. áliti Skipulagsstofnunar sem barst sveitarstjóra 4. febrúar s.l.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

b) Því er mótmælt að Landsvirkjun geti lagt fram tillögu að deiliskipulagi fyrir Bjarnarflagsvirkjun sem framkvæmdaaðili. Framkomin tillaga að deiliskipulagi gengur út fyrir það landsvæði sem Landsvirkjun hefur réttindi til skv. samningi íslenska ríkisins við landeigendur Voga þann 4. maí 1971. Landeigendur telja að hafna eigi deiliskipulagstillögunni á þeirri ástæðu að ekki sé farið að ákvæðum skipulagslaga um hverjir hafi heimild til að leggja fram tillögu að deiliskipulagi.

Umfjöllun: Skipulagssvæðið er afmarkað í samræmi við afmörkun orkuvinnslusvæðis í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025. Ekki kom til álita að skipulagssvæði á vegum framkvæmdaaðila yrði stærra auk þess sem ekki liggja fyrir nein gögn, áætlanir eða mat á umhverfisáhrifum frekari virkjanamannvirkja á svæðinu, sem gætu nýst sem forsendur viðtækara deiliskipulags.

Skipulagstillagan er lögð fram af sveitarstjórn Skútustaðahrepps. Framkvæmdaaðili lét vinna tillöguna í samráði við sveitarstjórn um helstu þætti hennar og sérstaklega þá þætti, sem eru óviðkomandi virkjuninni sjálfri. Innan skipulagssvæðisins er starfsemi, lóðir og mannvirki, sem hvorki tilheyrta væntanlegri virkjun né eru á vegum framkvæmdaraðila. Í deiliskipulaginu er virkjuninni markað framkvæmdasvigrúm. Sú landnotkun og nýting landsins að öðru leyti fer eftir stefnu sveitarstjórnar. Sá hluti skipulagssvæðisins, sem er utan umræddrar markalínu er urðunarsvæði fyrir óvirkan úrgang á vegum sveitarfélagsins og er virkjuninni óviðkomandi. Á vesturhluta skipulagssvæðisins og innan markalínunnar er hins vegar gert ráð fyrir iðnaðarlóðum sem landeigendur ráðstafa norðan þjóðveggar, og lóð Léttsteypunnar sunnan þjóðveggar, hvort tveggja óviðkomandi Bjarnarflagsvirkjun en í samræmi við stefnu sveitarstjórnar.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

c) Landeigendur mótmæla deiliskipulagstillögunni á þeirri forsendu að ekki hafa verið framkvæmdar fullnægjandi rannsóknir sem sýna fram á afkastagetu, legu eða stærð jarðhitasvæðisins við Bjarnarflag. Meðan sú óvissa er til staðar sé ómögulegt að slá því föstu hver hlutfallsleg skipting jarðhitaréttindanna er milli samningssvæðis frá 1971 og annars lands jarðarinnar Voga.

Umfjöllun: Sveitarstjórn telur þessa athugasemd óviðkomandi hlutverki deiliskipulagsins.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

d) Landeigendur Voga telja grundvallarforsendu fyrir deiliskipulagningu Bjarnarflagsvirkjunar og útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa að samningar séu gerðir við þá um hvar og hvernig mannvirki til nýtingar jarðhita risi á svæðinu. Engir slíkir samningar hafa verið gerðir og engar raunverulegar viðræður um úthlutun lóða til byggingar slíkra mannvirkja hafa farið fram.

Umfjöllun: Sveitarstjórn telur ekki að samningar milli landeigenda og framkvæmdaaðila sé grundvallarforsenda fyrir samþykki sveitarstjórnar á deiliskipulagstillögunni. Í því samhengi er minnt á að skipulagstillagan er

lögð fram af sveitarstjórn sem hefur skipulagsvald á svæðinu og ekki um að ræða leyfisveitingu vegna framkvæmda.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

e) Gerð er athugasemd við að gert er ráð fyrir að kælivatn til virkjunarinnar verði tekið úr landi Voga án þess að gerð sé grein fyrir legu vatnsbóla eða útfærslum á lögnum og vegum. Skipulagstillagan sé því svo ófullkomin hvað varðar þennan mikilvæga þátt í starfsemi virkjunar að ekki sé hægt að samþykkja hana.

Umfiöllun: Gert er ráð fyrir því að kælivatn fyrir vinnsluferla virkjunarinnar verði sótt í kaldavatnsborholur í Búrfellshrauni sunnan virkjunarsvæðisins, ef þörf verður á. Borað hefur verið eftir vatni þar í samráði við Umhverfisstofnun og landeigendur. Ekki er ljóst á þessu stigi hvort nýta þurfi ferskvatn til þessara nota. Vatnslögn frá kaldvatnsholu sbr. kafla 3.7.1 í greinargerð er ekki hluti deiliskipulagsins. Innan skipulagssvæðisins mun lögnin liggja um borteig B5 og mannvirkjabelti þaðan til norðurs.

Viðbrögð: Lagt er til að í greinargerð verði settur uppdráttur, skýringarmynd, sem sýnir afstöðu borholu og lagnar til skipulagssvæðisins.

f) Því er mótmælt af hálfu landeigenda að ekki sé gert ráð fyrir annari iðnaðarstarfsemi en Bjarnarflagsvirkjun á deiliskipulagssvæðinu eins og landeigendur óskuðu sérstaklega eftir.

Umfiöllun: Við afmörkun iðnaðarlóða norðan þjóðveggar var eftir því sem hægt var tekið mið af greiningu jarðfræðinga á byggingarhæfni landsins, sem gerð var vegna undirbúnings Bjarnarflagsvirkjunar. Þær tvær lóðir, sem afmarkaðar eru í deiliskipulagi, eru á jarðhita- og sprungusvæði og er byggingarhæfni þeirra ekki fullkönnuð. Hluti þeirra gæti verið óbyggilegur vegna jarðhita eða annarra jarðfræðilegra þátta.

Full ástæða gæti verið til þess að vinna deiliskipulag á iðnaðarsvæðinu, sem afmarkað er í aðalskipulagi vestan skipulagssvæðisins. Í tengslum við það og á grundvelli nákvæmrar úttektar á byggingarhæfni landsins gætu skapast forsendur fyrir breytingar á deiliskipulagi þessu. Slík skipulagsbreyting ætti ekki að hafa áhrif skipulag virkjunarinnar sjálfrar og gæti unnist í samræmi við stefnu sveitarstjórnar og hagsmuni landeigenda.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

g) Ekki er talin gerð nægjanleg grein fyrir hvar framkvæmdaaðili hyggst taka jarðefni til uppbyggingar þeirra mannvirkja sem ráð er fyrir gert.

Umfiöllun: Í kafla 3.10.1 er fjallað um efnisnámur vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar. Þar kemur annarsvegar fram að efnisþörf verður ekki veruleg vegna þessara framkvæmda og hinsvegar hvar hægt væri að sækja það efni sem sem ekki leggst til innan skipulagssvæðis við framkvæmdirnar. Ekki er gert ráð fyrir að opnaðar verði nýjar efnistökunámur vegna framkvæmdanna. Sveitarstjórn telur að nægilega sé gerð grein fyrir jarðefnanámum í deiliskipulagstillögunni.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

h) Landeigendur mótmæla því harðlega sem fram kemur í greinargerð deiliskipulagstillögunnar að „Landið hefur ekki verið nýtt til landbúnaðar ef

frá er talin kartöflurækt í volgum jarðvegi á nokkrum stöðum innan skipulagsmarka“.

Viðbrögð: Gerðar verða viðeigandi leiðréttingar í greinargerð.

i) Landeigendur gera athugasemdir við þá staðreynd að í skipulagstillögunni er ekki gert ráð fyrir kartöflu- og grænmetisrækt eða brauðbökun innan svæðisins

Umfjöllun: Fram kemur í texta greinargerðar kafla 1.1.1 og kafla 3.4.2 að gert sé ráð fyrir að hefðbundin ræktun og rúgbrauðsbakstur í volgum jarðvegi í Bjarnarflagi verði möguleg áfram. Einnig eru sýnd á uppdrætti möguleg svæði fyrir ræktun en ekki litið á þá afmörkun sem bindandi. Engin ástæða er til að merkja rúgbrauðsbakstur inn á skipulagsuppdrátt þegar almenn heimild er skilgreind í skipulagsákvæðum.

Viðbrögð: Bætt verði við umfjöllun um ræktun í kafla 1.1.1 tilvísun í kafla 3.4.2. Einnig verði afmörkun mögulegra ræktunarsvæða gerð skýrari á deiliskipulagsuppdrætti.

j) Að mati landeigenda er tilgreining deiliskipulagstillögunnar á legu vega, göngustíga og reiðleiða ófullnægjandi. Ekkert samráð hefur verið haft við eigendur landssins um legu slíkra mannvirkja eða aðgengi þeirra og almennings að landinu.

Umfjöllun: Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir gönguleið meðfram þjóðvegi 1 og virkjanavegi að móttökuhúsi. Ennfremur er gert ráð fyrir hringleiðum um svæðið sem tengjast m.a. Jarðböðunum. Reiðleið er merkt meðfram þjóðvegi upp í Námaskarð. Ekki er sérstakt stígakerfi fyrir hjólreiðamenn þar sem göngustígar munu nýtast þeim. Í deiliskipulaginu er einungis gerð grein fyrir legu stíga en ekki útfærslu. Hún verður hluti verkhönnunar. Miðað er við að framkvæmdaraðili muni leggja göngustíga innan iðnaðarsvæðisins sunnan þjóðvegjar að móttökuhúsi og stöðvarhúsi svo og útivistarstíga að mörkum iðnaðarsvæðisins í tengslum við stígagerð utan þeirra.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

k) Landeigendur leggja mikla áherslu á að útblæstri jarðhitaloftegunda, hávaðamengun og öll önnur mengun, þ.m.t. ljósmengun verði haldið töluvert undir lögbundnum hámarkum sem gilda á hverjum tíma.

Umfjöllun: Í kafla 4.3.7 í greinargerð deiliskipulagsins segir: „Vöktun áhrifa vegna framkvæmda og/eða reksturs er á ábyrgð framkvæmdaraðila. Í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Bjarnarflagsvirkjunar og Bjarnarflagslínu dagsettu 26. febrúar 2004 eru sett skilyrði um að Landsvirkjun standi fyrir því eftirliti og vöktun sem fjallað er um í matinu auk þess sem fylgst verði með áhrifum jarðhitavinnslu á efnainnihald og streymi volgs grunnvatns til Mývatns. Landsvirkjun þarf virkjunarleyfi frá Orkustofnun, framkvæmda- og byggingarleyfi frá Skútustaðahreppi og starfsleyfi sem veitt er af Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra. Skilyrði um mengunarvarnir og vöktun áhrifa verða samkvæmt þeim skilyrðum sem leyfisveitendur setja.“

Viðbrögð: Skilyrði um vöktun og eftirlit eru ekki hluti deiliskipulagsákvæða og því ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni vegna athugasemdarinnar.

10. Umsögn Náttúrustofu Norðausturlands dags. 8. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.

a) Óskað er eftir að tilgreindar séu í greinargerð heimildir varðandi eftirlitsáætlun Umhverfisstofnunar og Landsvirkjunar um áhrif orkuvinnslu og grunnvatn. Einnig er óskað eftir að tilgreind sé í greinargerð heimild varðandi niðurstöður vöktunar á áhrifum orkuvinnslu á efnasamsetningu grunnvatns í lindum við Mývatn.

Umfjöllun: Með eftirlitsáætlun Umhverfisstofnunar og Landsvirkjunar er átt við endurskipulagða eftirlitsáætlun frá árinu 2002 með áhrifum losunar skiljuvatns frá Kröflustöð á Dallæk og grunnvatn á Mývatnssvæðinu austanverðu. Áætlunin var unnin í samráði við Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og fær Umhverfisstofnun árlega skýrslu um niðurstöður eftirlitsins. Um er að ræða skýrslur sem Halldór Ármannsson o.fl. eru skrifaðir fyrir. Samkvæmt nýjustu skýrslum eru megin niðurstöður þær að áhrifa affallsvatnsins hefur ekki orðið vart í grunnvatni í námunda við Mývatn.

Viðbrögð: Bætt við neðanmálstilvísun: Halldór Ármannsson, Magnús Ólafsson og Mozghan Bagheri, 2008. Eftirlit með áhrifum af losun affallsvatns frá Kröflustöð og Bjarnarflagsstöð. Vöktun og niðurstöður 2007. LV-2008/064.

b) Náttúrustofan telur að deiliskipulagið „mætti“ ganga lengra varðandi ákvæði um frágang gufulagna. Lagt er til að í deiliskipulagi verði kveðið á um að gufulagnir verði lagðar í jörðu. Vísað er til nýlegs álits Skipulagsstofnunar vegna Þeistareykjavirkjunar þar sem lagt er til að við leyfisveitingar verð sett skilyrði um að safnæðalagnir verði lagðar í jörðu.

Umfjöllun: Gert er ráð fyrir að lagnir gufuveitu virkjunarinnar verði ofanjarðar á steiptum undirstöðum. Þær verða sýnilegar og áberandi þáttur í yfirbagði skipulagssvæðisins. Við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar voru bornar saman og metnar mismunandi útfærslur gufuveitu, m.a. niðurgrafnar lagnir. Mikið jarðrask fylgir niðurgröfnum lögnum auk erfiðleika í rekstri og viðhaldi m.a. vegna jarðhita, gasstreymis og vatns (sjá kafla 2.6.3 í greinargerð og matskýrslu). Ekki var sett fram krafa um niðurgrafnar lagnir í úrskurði Skipulagsstofnunar 24. febrúar 2004 og er deiliskipulagstillagan í samræmi við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar og úrskurð Skipulagsstofnunar að þessu leyti. Vegna vísunar til álits Skipulagsstofnunar um Þeistareyki má benda á að þar er um að ræða tilmæli að skilyrðum sem eiga einungis við um tvö afmörkuð svæði á stóru virkjunarsvæði. Ekki er útséð um hvort sett verði um þetta skilyrði í leyfisveitingum en þar fyrir utan verður yfirgnæfandi meirihluti lagna á Þeistareykjasvæðinu á yfirborði.

Viðbrögð: Sveitarstjórn fellst ekki á tillögu NNA um að í deiliskipulaginu verði kveðið á um að gufulagnir verði lagðar í jörð. Hinsvegar samþykkir sveitarstjórn að setja skýrari og strangari reglur um efnis- og litaval lagna með eftirfarandi orðalagsbreytingu í kafla 3.4.5:

„Við val á lit og áferð ofanjarðarlagna skal taka mið af markmiðum um að mannvirki falli sem best að umhverfinu. Litir á lagnir skulu valdir með hliðsjón af nánasta umhverfi, þ.e. jarðlitir sem falla vel að litbrigðum landsins. Ennfremur skal yfirborð lagna vera matt þannig að endurkast og

speglun verði í lágmarki. Gera skal grein fyrir áferð og litavali í framkvæmda- og/eða byggingarleyfisumsókn.“

11. Umsögn RAMÝ dags. 8. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.

a) Gagnrýnt er að engin takmörk eru sett fyrir því hversu langt undir Námafjall má bora. Ráðlegt væri að setja slík mörk vegna mögulegra áhrifa borunar á hverina austan Námafjalls.

Umfiöllun: Deiliskipulagið tekur til landnotkunar á yfirborði. Ákvæði um borholur, stefnu og lengd eru ekki hluti deiliskipulagsins. Umfiöllun um lengd og stefnu borunar verði til umfiöllunar við veitingu framkvæmdaleyfis og á grundvelli umhverfismats framkvæmdarinnar.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

b) Ástæða er til að endurskoða grunnvatnslíkan og vöktun jarðhitavats með það í huga að lindir syðst í Mývatni séu undir áhrifum jarðhita.

Umfiöllun: Deiliskipulagið tekur til landnotkunar á yfirborði. Umfiöllun um mögulega mengun grunnvatns verði til umfiöllunar við veitingu framkvæmdaleyfis og á grundvelli umhverfismats framkvæmdarinnar.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

12. Athugasemdir Leifs Hallgrímssonar dags. 9. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.

a) Gerð er athugasemd við að Landsvirkjun hefur ekki samið um landafnot við landeigendur og því liggur ekki fyrir samkomulag við landeigendur um staðsetningu virkjunar.

Umfiöllun: Þó framkvæmdaaðili hafi látið vinna deiliskipulagstillöguna er það sveitarstjórn sem skipulagsyfirvald sem leggur það fram og ber á því ábyrgð. Samkomulag milli landeigenda og framkvæmdaaðila er ekki forsenda deiliskipulags.

Viðbrögð: Sveitarstjórn telur athugasemdina ekki gefa tilefni til breytinga á deiliskipulagstillögunni.

b) Það vantar að sýna kaldavatnsholur og lögn frá henni inn á skipulagsuppdráttinn.

Umfiöllun: Vatnslögn frá kaldavatnsholu sbr. kafla 3.7.1 í greinargerð er ekki hluti deiliskipulagsins. Innan skipulagssvæðisins mun lögnin liggja um borteig B5 og mannvirkjabelti þaðan til norðurs.

Viðbrögð: Lagt er til að í greinargerð verði settur uppdráttur, skýringarmynd, sem sýnir afstöðu borholu og lagnar til skipulagssvæðisins.

c) Ekki eru sýndir á uppdrætti kartöflugarðar og aðstaða til rúgbrauðsbaksturs. Löng hefð er fyrir þeim landafnotum og verður slíkt ekki tekið af fólki án skýringa og bóta.

Umfiöllun: Fram kemur í texta greinargerðar kafla 1.1.1 og kafla 3.4.2 að gert sé ráð fyrir að hefðbundin ræktun og rúgbrauðsbakstur í volgum jarðvegi í Bjarnarflagi verði möguleg áfram. Einnig eru sýndir á uppdrætti möguleg svæði fyrir ræktun en ekki litið á þá afmörkun sem bindandi. Engin ástæða er

til að merkja rúgbrauðsbakstur inn á skipulagsuppdrátt þegar almenn heimild er skilgreind í skipulagsákvæðum.

Viðbrögð: Bætt verði við umfjöllun um ræktun í kafla 1.1.1 tilvísun í kafla 3.4.2. Einnig verði afmörkun mögulegra ræktunarsvæða gerð skýrari á deiliskipulagsupprætti.

d) Leifur telur ljóst að stór hluti jarðvarmaorkunnar sem virkja á er utan þess lands sem afmarkað var með samningi 1971. Leifur telur ljóst að það sé sveitarstjórnar og skipulagsyfirvalda að sjá til þess að réttur landeigenda vegna þeirrar orku sé að fullu virtur og farið að lögum þar að lútandi.

Umfjöllun: Sveitarstjórn telur þessar vangaveltur utan ramma deiliskipulagsins.

Viðbrögð: Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagstillögunni.

13. Bréf Skipulagsstofnunar dags. 1. mars, vegna tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið umhverfisskýrslu deiliskipulags Bjarnarflagsvirkjunar. Skipulagsstofnun bendir á að yfirlit vantar yfir umsagnaraðila. Skipulagsstofnun bendir einnig á að í deiliskipulagi eiga að koma fram ákvæði um hámarkshæð og hámarksstærð bygginga.

Viðbrögð: Yfirlit um umsagnaraðila verður bætt inn í greinargerð. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að vinna tillögu að stærðarmörkum mannvirkja á virkjunarsvæði.

14. Deiliskipulag Bjarnarflagsvirkjunar

Tillaga að deiliskipulagi Bjarnarflags var auglýst til kynningar skv. skipulags- og byggingarlögum. Skipulagstillagan lá frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps frá og með miðvikudeginum 26. janúar til og með miðvikudeginum 23. febrúar 2011. Frestur til að skila athugasemdum rann út miðvikudaginn 9. mars 2011.

Athugasemdir bárust frá 11 aðilum. Hér að ofan er gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust og viðbrögðum sveitarstjórnar við þeim. Vísað er til frumbréfa varðandi nákvæmt orðalag athugasemdanna. Þeim sem athugasemdir gerðu eru þakkaðar gagnlegar og málefnalegar athugasemdir.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið að láta vinna þær breytingar á skipulagstillögunni sem fram koma hér að ofan. Lagfærð skipulagstillaga verði til umfjöllunar á næsta fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 17:50

Dagbjört Bjarnadóttir,
Birgir Steingrímsson,
Elín Steingrímsdóttir,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik Jakobsson,
Gaukur Hjartarson